

Úrskurður

Frá:	Sérstakri dómnefnd vegna 5. umferðar Íslandsmótsins í rallycross 2025
Til:	Arons Mána Júlíussonar og stjórnar AKÍS
Skjal:	U1
Dagsetning:	16. desember 2025
Klukkan:	22:00

Máli vísað til sérstakrar dómnefndar af stjórn AKÍS

Með bréfi dagsettu 19. september 2025 voru eftirtaldir aðilar skipaðir af AKÍS í sérstaka dómnefnd;

Gunnar Bjarnason sem formaður, Hlöðver Baldursson, Sigurður Arnar Pálsson og Aðalsteinn Símonarson.

Skipanin byggir á heimild í 14. grein laga sambandsins, og samkvæmt erindisbréfinu skyldi dómnefndin "... fjalla um og dæma..." vegna máls sem kom upp eftir að 5. umferð Íslandsmótsins í rallycrossi lauk þann 6. september s.l.

Efni málsins

Kl. 16:48 þann 6. september 2025 birtist tilkynning frá dómnefnd á rafrænni upplýsingatöflu rallycrosskeppni sem var 5. umferð í Íslandsmótinu 2025, [Upplýsingatafla 5.umferð](#). Þar var keppanda nr. 480, Aroni Mána Júlíussyni, gert með úrskurði að yfirgefa frátekin svæði, ásamt starfsfólki sínu. Var þessum úrskurði einnig komið munnlega á framfæri við keppandann af meðlimum dómnefndarinnar strax eftir birtingu.

Síðar þetta síðdegi vakti aðstoðar keppnisstjóri, Linda Dögg Jóhannsdóttir, athygli dómnefndar keppninnar á að umræddur keppandi, nr. 480, væri enn á svæðinu og hefði ekki yfirgefið svæðið eins og úrskurður dómnefndar bauð. Var aðstoðar keppnisstjóranum þarna tjáð að dómnefnd hefði þegar lokið störfum og gæti því ekki tekið á málinu.

Í framhaldinu sendi Linda erindi til skrifstofu AKÍS þar sem hún vakti athygli á að keppandi nr. 480 hefði ekki hlítt fyrir mælum sem fram komu í framangreindum dómi.

Málsmeðferð

Aron Máni var boðaður til skýrslutöku hjá sérstakri dómnefnd. Þar staðfesti hann framburð aðstoðar keppnisstjóra að hann hefði ekki yfirgefið frátekin svæði. Kvaðst hann hafa sent starfsfólk sitt brott en orðið eftir sjálfur til að hafa eftirlit með ökutæki sínu, sem ekki hafi verið hægt að hreyfa nema með utanaðkomandi aðstoð þar sem eitt hjól hafi vantað undir það. Sagðist hann hafa reynt að láta lítið fyrir sér fara eftir að honum var kynntur úrskurður dómnefndar.

Niðurstaða

Sérstök dómnefnd telur sannað, með vísan í það sem að framan segir, að keppandi nr. 480, Aron Máni Júlíusson, yfirgaf ekki frátekin svæði á og við rallycross braut AÍH við Krísuvíkurveg eftir úrskurð dómnefndar þess efnis 6. september 2025.

Með háttsemi sinni hunsaði hann skýr fyrirmæli og gerðist þannig brotlegur við eftirtaldar greinar Reglubókarinnar;

- 1.3.1 - sem segir að hver sá sem tekur þátt í keppni skuldbindur sig til að hlíta reglum um hana án fyrirvara, sem og ákvörðunum íþróttayfirvalda og afleiðingum sem gætu leitt af þeim.
- 12.2.1.i - sem segir það brot að fara ekki að fyrirmælum stjórnenda keppninnar.

Úrskurður

Aron Máni Júlíusson er sviptur rétti til þátttöku í akstursíþróttakeppnum til og með 31. maí 2026.

Áfrýjun

Hlutaðeigandi er bent á rétt sinn til að áfrýja úrskurði sérstakrar dómnefndar samkvæmt grein 15 í Reglubókinni.

Á grundvelli greinar 15.4.2.b í Reglubókinni er það ákvörðun dómnefndar að lokafrestur fyrir tilkynningu um ætlun um áfrýjun sé 24 klukkustundir frá birtingu þessa úrskurðar. Tilkynningu um ætlun um áfrýjun má senda formanni dómnefndar í tölvupósti á netfangið rettvbg@simnet.is.

Formaður dómnefndar

Gunnar Bjarnason

Dómnefndarmaður

Hlöðver Baldursson

Dómnefndarmaður

Sigurður A Pálsson

Dómnefndarmaður

Aðalsteinn Símonarson